

Ed. 219. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á rafveituskilyrðum í Mývatnssveit.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að láta kunnáttumenn, sem eru í þjónustu ríkisins, rannsaka kostnað við að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni eftir Laxárdal til allra bæja í Laxárdal og Mývatnssveit og leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Allir búendur og allir ungir, búlausir menn í Mývatnssveit hafa óskað eftir, að sú rannsókn verði gerð, sem hér er beðið um. Svo sem kunnugt er, unna Mývetningar sveit sinni svo mjög, að burtflutningur þaðan hefur verið minni en úr nálega öllum öðrum byggðum landsins. Auk þess, að sveitin er ein hin fegursta hér á landi og þótt viðar sé leitað, þá er hún svo heilnæm, að talið er, að enginn maður hafi sýkt af brjóstveiki þar heima fyrir. Fram á allra síðustu mánuði hafa flest heimili í Mývatnssveit verið mannmörg, af því að unga fólkið hefur lítt leitað burtu. Jafnvel eftir að hin skæða fjárpest hefur byrjað að herja á bústofninn, hafa Mývetningar verið óhvikulir í trú sinni á byggðina.

Skilyrði eru hin beztu um að leiða raforku til allra heimila í Mývatnssveit, annaðhvort frá Laxárvirkjun, eftir Laxárdal, og ná þá um leið til allra heimila í þeim dal, eða frá rafstöð, sem byggð yrði ofarlega við Laxá, við strengina hjá Arnarvatni eða Helluvaði. Það, sem mestu skiptir, er rannsókn á skipulagi og tilkostnaði við rafleiðslur til einstakra heimila í venjulegri sveitabyggð. En um Mývatnssveit er, að því leyti sérstök aðstaða, að um leið og rafmagn væri þar á hverjum bæ, mundi skjótt vaxa þar upp blómlegur og margháttaður heimilisiðnaður við hin hollustu skilyrði. Rétt er að geta þess, að Mývetningar urðu fyrstir allra hér á landi til að koma á fót einkasímakerfi til allra heimila í hreppnum. Tóku þeir með fáein mjög afskekkt heimili á heiðinni milli Mývatnssveitar og Bárðardals og létu þau á engan hátt gjalda fjarlægðarinnar. Hafa þau öll haldizt í byggð, þó að fólk hafi víða annars staðar flutzt frá afskekktum bújörðum hin síðustu ár.

Núverandi ríkisstjórn hefur í sumar, sem leið, látið starfsmenn rafmagnseftirlitsins framkvæma rannsóknir af sama tagi og hér er beðið um á nokkrum stöðum á landinu. Rannsókn á rafleiðsluskilyrðum um Laxárdal og Mývatnssveit getur haft aimenna þýðingu. Ef skýrsla um þá rannsókn tilgreinir allar fjarlægðir milli einstakra sveitarbýla, getur fólk í öðrum byggðum áttað sig á því í aðalatriðum, hver muni verða tilkostnaður annars staðar undir svipuðum kringumstæðum.